

3. gr.

13

Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

12. febr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

14

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. 1939, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.